

## AUGLÝSING um umferð í Vestmannaeyjum.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, í samræmi við gildandi deiliskipulag Vestmannaeyja og að fengnum tillögum frá umhverfis- og skipulagsráði Vestmannaeyjabæjar hefur lögreglustjórin í Vestmannaeyjum ákveðið eftirfarandi:

1. *Eiði.*
  - a. Að biðskylda verði á umferð sem fer til suðurs frá Eiði og einnig á alla botnlanga á Eiði gagnvart umferð um Kleifar. Biðskylda er merkt með umferðarmerkinu A06.11, samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.
2. *Básaskersbryggja.*
  - a. Að bifreiðastöður verði bannaðar vestanmegin við Básaskersbryggju frá Tangagötu til norðurs að bryggjusvæði. Svæðið er merkt með umferðarmerkinu B21.11, samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.

Ákvörðun þessi tók gildi við birtingu auglýsingarinnar í Lögbirtingablaðinu 4. júlí 2018.

*Lögreglustjórin í Vestmannaeyjum, 5. júní 2019.*

**Páley Borgþórsdóttir.**

---

B-deild – Útgáfud.: 7. júní 2019